

## Stjórnarfundur TSÍ þann 06.05 2009 kl 21:00 – 22:30

Mætt voru Helgi Þór, Gunnar, Hafsteinn, Rakel og Skjöldur

### 1. Hver er staða stjórnar TSÍ? Með framkv.stj. sem er ósámmála stjórn og reynir að fá mikilvægum ákvörðunum hennar breytt

Stjórn ákvað að bjóða framkvæmdastjóra starfið áfram á þeim forsendum að það verði samstarfsgrundvöllur á milli stjórnar og framkvæmdastjóra. Skilyrðið er að hann starfi sem framkvæmdastjóri án atkvæðisréttar og sitji einungis þá stjórnarfundum sem stjórn biður hann um að sitja. Stjórn tekur ákvarðanir og framkvæmdastjóri framkvæmir þau verkefni sem stjórn setur fram og hann þarf að vera sáttur við það hlutskipti.

### 2. Farið verður yfir nýja fjárhagsáætlun

Lauslega var farið yfir nýja fjárhagsáætlun sem formaður hafði lagt fram.

Varðandi landsliðsstyrk þá var rætt um að endurskoða hugsanlega að styrkja Ólympíuleika Æskunnar að einhverju leyti og Kjartan að einhverju leyti. Það hefur komið í ljós að Ítalski þjálfarinn sem var á landinu núna um daginn er of dýr og þar af leiðandi er engin fyrirhuguð landsliðsferð í sumar upp á borðinu lengur.

Stjórn óskar eftir því að fá skýrslu frá Rafni Kumar um hvað hann ætli að nota 100 þ.kr styrkinn frá ÍSÍ til að hægt sé að endurskoða og taka ákvörðun um hvort TSÍ styrki Ólympíuleika Æskunnar að einhverju leyti.

Búið var að ákveða á sínum tíma að styrkja Kjartan til að fara á Þróunarmót U14 en TSÍ var of seint til að tilkynna þátttöku á það mót þannig að við misstum plássið þar. Þar af leiðandi er spurning hvort eigi að styrkja hann að e-u leyti í önnur mót sem hann hefur hug á að fara í á þessu ári.

Ákveðið var að halda áfram að vinna í fjárhagsáætluninni í gegnum tölvupóst.

### 3. Önnur mál

Það á eftir að velja karlaliðið sem fer á Smáþjóðaleikana. Raj og Andri gefa ekki kost á sér í það verkefni. Arnar, Magnús, Teitur, Eiríkur og Birkir eru þá hugsanlegir kandidatar. Ákveðið var að vegna styrkleikagetur þyrfti Arnar ekki að keppa um sæti í liðinu en að Magnús, Teitur, Eiríkur og Birkir myndu keppa um eitt sæti sem er laust. Best væri að allir kepptu við alla einu sinni en tilkynna þarf liðið fyrir 20.maí. Gunnar ætlar að senda línu á Raj og biðja hann um að setja þessa keppni upp.

Rakel kynnti uppsetningu á nýrri heimasíðu sem hún hafði sent á stjórn með tölvupósti fyrir í vikunni. Stjórn leist vel á uppsetninguna og höfðu engar athugasemdir varðandi hana. Rakel spurði hvort stjórnarmenn vildu hafa símanúmerin sín inn á nýrri síðu og

voru allir til í það. Rakel bað þá stjórn um að senda sér passamynd og símanúmer til að hægt verði að setja á nýja síðu.

Rakel sagði frá því að á nýrri síðu yrði pláss fyrir styrktaraðila á forsíðu. Stjórnarmenn tóku vel í það og að næsta verkefni væri að finna styrktaraðila til að hafa á síðunni.

Rakel sagði frá því að birt hefði verið frétt á heimasíðunni frá öllum leikjum bæði í Davis Cup og Fed Cup og sá hátturinn hefði verið á að hún hefði beðið liðsstjóra um að senda á sig smá línu um hvern leik. Þessi tilhögun gekk mjög vel hjá stelpunum og ágætlega hjá strákunum þó hún hefði viljað fá fleiri fréttir frá þeim. Rakel nefndi að með nýrri síðu væri möguleiki á að gefa fleirum aðgang til að skrifa inn á síðuna og stýra þeim aðgangi. Þá væri mögulega hægt að láta liðsstjóra/þjálfara fá aðgang að síðunni þegar landslið okkar keppa erlendis þannig að þeir gætu e.t.v. sett inn fréttir. Það gæti þá verið hluti af “vinnu” þeirra sem liðsstjóri/þjálfari. Einnig nefndi Rakel þá hugmynd að skylda ætti mótstjóra til að skrifa stutta frétt um mót sem þeir hafi stýrt. Þá væri hugsanlega hægt að veita þeim aðgang að síðunni eða þeir myndu senda það á vefstjóra sem myndi e.t.v. laga það e-ð til og setja svo inn. En hugmyndin með að hafa vefumsjónarkerfi á nýrri heimasíðu er að þá er möguleiki á að fleiri uppfæri síðuna í framtíðinni.

Stjórn vill fá greinargerð um Fed Cup og Davis Cup frá liðsstjórum. Þetta yrði þá sú greinargerð sem yrði sett í ársskýrslu 2010. Rakel mun biðja liðsstjórana, Arnar og Irisi um þetta.

Gunnar sagði frá því að frétt um gengi okkar landsliða á Davis Cup og Fed Cup hafi birtst í mogganum. Hann sagði að hann hefði þó saknað þess að ekkert hafi birtst í fjölmiðlum fyrir mótin um að okkar landslið væru að fara að keppa á þessum mótum.

Stjórn óskar eftir því að kynningarstjóri sendi inn fréttatilkynningu bæði fyrir og eftir mót okkar landsliða í framtíðinni. Þá að hann muni sjá til þess að tekin verði mynd af þeim tennisspilurum sem fara á Smáþjóðaleikana og fréttatilkynning komi bæði fyrir og eftir mótið.

Skjöldur tilkynnti stjórn að hann muni hitta Ólaf Rafnsson, formann ÍSÍ, fljótlega til að ræða mál TSÍ. Á þessum fundi hyggst Skjöldur m.a. reyna að fá ÍSÍ í lið með sér til að senda Alþjóða tennissambandinu og Evrópu tennissambandinu bréf um að fallast á um stund að leyfa okkar að borga hálf ársgjald meðan krónan er svona óhagstæð. Einnig ætlar hann að ræða um byggingu Tennishallar í Reykjavík en telur þó að heppilegra sé að ræða það við Sigríði þar sem hún hafi verið að vinna í þessu fyrir okkur. Skjöldur bað stjórnarmenn endilega um að láta sig vita ef þeir hefðu e-r tillögur um umræðuefni á þessum fundi.

Stjórn ákvað að senda Raj formlegt bréf um að eftirláta TSÍ lénið tennis.is. Stjórn telur að réttur TSÍ sé að eiga það lén. Skjöldur ætlar að senda þetta bréf fyrir hönd stjórnar.

Gunnar kom með þá hugmynd um að hafa æfingar næsta vetur fyrir okkar bestu krakka og hvort að TSÍ gæti hugsanlega styrkt þær æfingar e-ð og þá gert kröfur um mætingu.

Gunnar ætlar að tala við Jónas um æfingatíma þannig að hugsanlega verði hægt að hafa æfingar tvisvar í viku.

Næsti fundur verður líklega hádegisfundur, Skjöldur mun boða þann fund eins og aðra.

Kveðja,  
Rakel Pétursdóttir ritari TSÍ